



Sjálfbærnistefna Íslandsbanka

Desember 2019

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
2. Rekstur Íslandsbanka verði til fyrirmyndar.....	2
2.1. Umhverfismál.....	2
2.2. Félagslegir þættir.....	3
2.3. Stjórnarhættir	3
3. Íslandsbanki sem hreyfiafl til góðra verka.....	4
3.1. Ábyrgar lánveitingar	4
3.2. Ábyrgar fjárfestingar	4
3.3. Ábyrg innkaup	4
3.4. Styrkir.....	5

1. Inngangur

Fjármálafyrirtæki gegna mikilvægu samfélagslegu hlutverki sem grunnstoð í efnahagslífinu og þurfa sem slík að axla ábyrgð og mæta sívaxandi kröfum um aukna sjálfbærni í rekstri sínum. Sjálfbærni snýst um að mæta kröfum nútímans en huga um leið að þörfum kynslóða framtíðarinnar með tilliti til umhverfis- og samfélagsmála og skapa þannig almenna sátt um batnandi lífskjör í samfélaginu.

Fyrirtæki sem leggja einungis áherslu á skammtímahagnað eiga á hættu að ógna langtímahagsmunum sínum og arðsemi. Þau fyrirtæki sem tengja sjálfbærni við kjarnastarfsemi sína geta hins vegar notið margvíslegs ávinnings. Slíkur ávinningur getur falið í sér betri stýringu á áhættu, lækkun á kostnaði, bættu aðgengi að fjármagni, meiri nýsköpun og styrkingu viðskiptasambanda. Einnig gengur fyrirtækjum sem leggja áherslu á sjálfbærni betur að laða að hæft starfsfólk og halda í það.

Íslandsbanki er í eigu íslenska ríkisins og eigendastefna ríkisins kveður á um að aðilar sem koma að starfsemi fjármálafyrirtækja fyrir hönd ríkisins skuli „leitast við að vera í forystu á sviði góðra stjórnarháttá, viðskiptasiðferðis og samfélagslegrar ábyrgðar.“ Jafnframt er tekið fram að bankinn skuli „marka sér ítarlega stefnu í umhverfismálum, um sjálfbæra þróun og samfélagslega ábyrgð og birta opinberlega.“

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (SP) grundvallast á þremur stoðum sjálfbærrar þróunar; efnahagslegrar, félagslegrar og umhverfislegrar. Starfsemi fjármálafyrirtækja snertir marga mismunandi þætti efnahagslífsins og hefur óhjákvæmilega áhrif á flest heimsmarkmiðin. Heimsmarkmiðin virka sem ein heild en til að skerpa á áherslum hefur Íslandsbanki valið að styðja sérstaklega við fjögur þeirra: Menntun fyrir alla, Jafnrétti kynjanna, Nýsköpun og uppbyggingu og Aðgerðir í loftslagsmálum.



Sjálfbærnistefna Íslandsbanka miðar að því að rekstur bankans verði til fyrirmyndar í íslensku atvinnulífi út frá alþjóðlegum viðurkenndum viðmiðum um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS).¹ Íslandsbanki stefnir á að vera leiðandi á sviði sjálfbærrar þróunar og hreyfiafl til góðra verka í samfélaginu. Þannig ætlar bankinn að eiga frumkvæði að viðtæku samstarfi um ábyrga viðskiptahætti sem stuðla að sjálfbærri þróun íslensks efnahagslífs og styðja við aðgerðaráætlun ríkisstjórnar Íslands í loftslagsmálum² og um leið heimsmarkmið SP.

Samhliða framtíðarsýn bankans um að vera í fararbroddi í þjónustu gagnvart viðskiptavinum sínum mun bankinn leggja áherslu á samþættingu sjálfbærnisjónarmiða í starfsemi sinni til viðbótar við arðsemismarkmið hans. Bankinn mun horfa til UFS-viðmiða við áhættustýringu og skoða möguleika á nýtingu grænna fjármögnunarkosta. Bankinn vill auka þekkingu og áhuga almennings á fjármálum og býður í því skyni upp á aðgengilega og áhugaverða fræðslu um fjármál og efnahagsmál.

¹ Umhverfislegir og félagslegir þættir og stjórnarhættir (UFS) eru viðmið sem fjárfestar nota til að meta fjárfestingar út frá aðferðafræði ábyrga fjárfestinga og nefnast ESG á ensku (<https://www.icelandsif.is/abyrgar-fjarfestingar/hugtok-skilgreiningar/>)

² <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=b1bda08c-b4f6-11e8-942c-005056bc4d74>

Sjálfbærnistefna Íslandsbanka myndar heildstæðan ramma um starfsemi bankans á sviði sjálfbærni og markar jafnframt stefnu bankans varðandi umhverfismál, ábyrgar lánveitingar, fjárfestingar, innkaup og styrki auk þess að falla að og styðja við aðrar stefnur bankans.³

Íslandsbanki setur sér mælanleg markmið með tilliti til UFS-þátta í rekstri sínum og birtir árangur sinn hvað þau varðar í þar til gerðri skýrslu samhliða árlegu uppgjöri bankans.

Bankinn leggur áherslu á að upplýsa lykilhagsmunaaðila sína um tilvist og tilgang þessarar stefnu.

Markmið þessa stefnuskjals er að skilgreina megináherslur bankans um sjálfbærni, bæði í rekstri bankans og þeim áhrifum sem bankinn getur haft á nærumhverfi sitt. Stefnunni er ekki ætlað að vera tæmandi og er hún studd af öðrum stefnum, reglum og leiðbeiningum bankans.

Sjálfbærnistefnan gildir fyrir alla starfsemi Íslandsbanka og dótturfélög bankans þar sem það er tekið fram. Öllum starfsmönnum bankans, fastráðnum sem tímabundnum, ber að starfa í samræmi við stefnuna.

2. Rekstur Íslandsbanka verði til fyrirmyndar

Markmið Íslandsbanka er að rekstur hans verði til fyrirmyndar í íslensku atvinnulífi. Bankinn horfir því ekki einungis til fjárhagslegra markmiða sem tengjast arðsemi og hagkvæmni, heldur einnig til UFS-viðmiða⁴ í rekstri sínum:

- **Umhverfisleg viðmið** fjalla um hvernig Íslandsbanki gætir að umhverfislegum áhrifum í starfsemi sinni og styður m.a. við heimsmarkmið SP um aðgerðir í loftslagsmálum.
- **Félagsleg viðmið** lúta að því hvernig bankinn kemur fram við starfsfólk, birgja, viðskiptavini og samfélagið sem hann starfar í og styður þannig m.a. við heimsmarkmið SP um menntun fyrir alla, jafnrétti kynjanna og nýsköpun og uppbyggingu.
- **Stjórnarháttaviðmið** snúa að stjórn bankans og stjórnendum, innra eftirliti og réttindum hluthafa.

2.1. Umhverfismál

Íslandsbanki hefur undirritað yfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar sem var sett fram til stuðnings við Parísarsamkomulagið frá árinu 2015 um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Bankinn hefur í kjölfarið lagt áherslu á að meta og lágmarka þau neikvæðu áhrif sem starfsemi hans kann að hafa á umhverfið.

Með hliðsjón af þessu einsetur bankinn sér að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda tengdri starfsemi hans, minnka orkunotkun og lækka hlutfall óflokkaðs úrgangs sem hlýst af starfseminni.

³Stefnan tekur mið af öðrum stefnum og reglum bankans (ekki tæmandi listi): Stefna um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, Mannauðstefna, Starfskjarastefna, Stefna um sölu eigna, Stefna um hagsmunaáreikstra, Öryggisstefna, Stefna um eignarhald í öðrum félögum, Stefna um hæfi stjórnar, bankastjóra, lykilstarfsmanna, Almenn eigendastefna Íslandsbanka, Útvistunarstefna, Gagnastefna, Starfsreglur stjórnar Íslandsbanka, Stefna um áhættustýringu og innra eftirlit, Lánastefna, Fjárfestingarstefna – Framtíðarauður.

⁴Staðlaráð að frumkvæði Festu, IcelandSIF og Nasdaq Iceland/Kauphallarinnar, hefur þýtt fyrirsgnir ESG leiðbeininga Nasdaq (ESG Metrics) yfir á íslensku. <https://wp.samfelagsabyrgd.is/wp-content/uploads/2019/11/esg-metrics-tyeing-11pt.pdf>

Bankinn mun mæla kolefnisspor sitt árlega, setja sér markmið um minnkun á kolefnislosun og beita mótvægisáðgerðum til að jafna losun.

Bankinn setur sér umhverfismarkmið sem birt eru opinberlega og greinir frá árangri í árlegum skýrslum.

2.2. Félagslegir þættir

Íslandsbanki leggur áherslu á jafnrétti, fjölbreytileika og viðtæka þátttöku⁵ í öllu sínu starfi.

Jafnlaunastefna bankans leggur áherslu á að fyllsta jafnréttis sé gætt á milli kynja við launaákvæðanir auk þess sem bankinn setur sér að tryggja að sem jafnast kynjahlutfall sé á meðal stjórnenda bankans. Einnig leitast bankinn við að jafna stöðugildi kvenna eða karla á þeim sviðum bankans þar sem hlutföll eru ójöfn.

Bankinn er með stefnu og aðgerðaráætlun gegn einelti, kynferðislegu og kynbundnu áreitni og ofbeldi.

Áherslu er lögð á virka þátttöku viðskiptavina í þjónustu bankans, m.a. með fjárfestingum í tæknilausnum.

Bankinn leggur áherslu á virðingu fyrir mannréttindum og að eiga ekki viðskipti sem tengjast við hvers konar mannréttindabrot, t.d. mismunun á grundvelli kyns, trúar eða kynþáttar, misrétti á vinnumarkaði auk þrælkunar- og barnavinnu.

Íslandsbanki leggur áherslu á að skapa gott starfsumhverfi og setur heilbrigði og öryggi í forgang. Öllu starfsfólki bankans stendur til boða úrræði við að koma upplýsingum um óviðeigandi háttsemi á framfæri með nafnlausum hætti.

2.3. Stjórnarhættir

Stjórn Íslandsbanka hefur einsett sér að vera framúrskarandi í góðum stjórnarháttum og að stjórnarhættir bankans samræmist því regluverki sem um starfsemina gildir, alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum og bestu framkvæmd á sviði stjórnarháttá. Góðir stjórnarhættir og innra skipulag bankans skulu stuðla að skilvirkri og varfærinni stjórn bankans og að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra.

Með þessum skuldbindingum hlítir bankinn viðeigandi reglum um stjórnarhætti, s.s. kröfum laga, leiðbeiningum um stjórnarhætti, öðrum viðeigandi reglum og tilmælum frá eftirlitsaðilum og að viðhalda kerfi um skilvirkt eftirlit með fylgni við þær reglur. Sambærilegri stefnu um stjórnarhætti skal fylgt í dótturfélögum bankans, þar sem það á við.

Til að uppfylla skuldbindingu bankans um góða stjórnarhætti hefur bankinn skilgreint eftirfarandi meginreglur við töku ákvarðana fyrir bankann:

1. Ákvarðanir bankans þjóna hagsmunum bankans og hagsmunaaðila hans í samræmi við gildandi lög, reglur, stofnskjöl bankans og samningsskyldur.
2. Ákvarðanir eru teknar af viðeigandi aðilum (hluthöfum, stjórnarmönnum, stjórnendum eða starfsmönnum) með skilvirkum hætti með tilliti til starfsskyldna þeirra, ábyrgðar- og áhugasviðs, sérþekkingar, kunnáttu og aðgangs að viðeigandi upplýsingum.
3. Ákvarðanir eru teknar á grundvelli bestu fánlegu upplýsinga á hverjum tíma í kjölfar tilhlýðilegar skoðunar.

Bankinn skal viðhalda sérstökum ákvarðanatökulykli þar sem skilyrði fyrir töku meiriháttar ákvarðana eru kortlögð.

⁵ Enska: equality, diversity, inclusion

Bankinn fer að viðeigandi lögum og reglum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga auk þess sem hann hefur sett starfs- og siðareglur fyrir stjórn, stjórnendur og starfsmenn bankans.

3. Íslandsbanki sem hreyfiafl til góðra verka

Íslandsbanki vill sýna gott fordæmi með því að láta verkin tala og ávinna sér og viðhalda þannig trausti viðskiptavina. Bankinn leitast eftir virkum samskiptum við viðskiptavini og samstarfsaðila um ábyrga viðskiptahætti sem er ein af lykilforsendum þess að bankinn sé hreyfiafl til góðra verka.

3.1. Ábyrgar lánveitingar

Ábyrgar lánveitingar grundvallast á haldgóðri upplýsingaöflun og ráðgjöf við lántöku og byggja á trausti og trúnaði á milli bankans og viðskiptavina. Við mat á láns hæfi skulu viðeigandi skilyrði laga og reglna ávallt vera uppfyllt svo sem varðandi neytendavernd og varnir gegn peningþvætti og spillingu. Lánveitingar skulu ávallt afgreiddar án tillits til þjóðernis, kyns, kynþáttar, trúarskoðana eða annarra sambærilegra atriða.

Við lánaákvæðanir og mat á áhættu og verðlagningu mun bankinn horfa til sjálfbærni og UFS-viðmiða sem og annarra áhættuþátta.

Bankinn einsetur sér að styðja með lánveitingum við umbreytingaferli fyrirtækja, einstaklinga og heimila í tengslum við sjálfbæra þróun. Sér í lagi ætlar bankinn að vera virkur þátttakandi í fjármögnun orkuskipta í samgöngum.

3.2. Ábyrgar fjárfestingar

Ábyrgar fjárfestingar miða að því að taka tillit til UFS-viðmiða þegar valið er að fjárfesta í fyrirtækjum og verkefnum til þess að stýra áhættu með sjálfbæra þróun í huga. Á þeim grunni skapast forsendur fyrir betur ígrunduðum fjárfestingaákvörðunum með langtímahagsmunum í huga.

- Stefna um ábyrgar fjárfestingar gildir um eigin fjárfestingar Íslandsbanka og er bankinn þátttakandi í IcelandSIF, samtökum um ábyrgar fjárfestingar á Íslandi. Bankinn hvetur dótturfélög sín til að setja sér sambærilega stefnu eða viðmið um ábyrgar fjárfestingar.
- Bankinn mun beita þeirri aðferðafræði sem hann telur mest viðeigandi hverju sinni við mat á eignasafni sínu út frá UFS-þáttum.
- Íslandsbanki mun hvetja viðskiptavini til að fylgja stefnunni í sínum eigin fjárfestingum. Þetta telur bankinn samrýmast markmiðum hans um að bjóða upp á góða þjónustu og gæta sem best að hagsmunum viðskiptavina sinna til langs tíma litið.

Komi til þess að Íslandsbanki eignist eignir sem samræmast að einhverju leyti ekki stefnu bankans um ábyrgar fjárfestingar svo sem í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja eða fullnustu trygginga, mun bankinn leitast við að beita áhrifum sínum eins og hægt er í samræmi við sjálfbærnistefnuna.

3.3. Ábyrg innkaup

Íslandsbanki er stór kaupandi þjónustu og vara og er því í aðstöðu til að vera hreyfiafl til góðra verka í innkaupum sínum. Þetta gerir bankinn m.a. með því að horfa til umhverfismála, félagslegra þátta og góðra stjórnarháttanna í verklagi sínu við innkaup. Jafnframt stuðlar bankinn að virkri samkeppni og gætir að hagkvæmni, jafnræði og gagnsæi í innkaupum sínum. Bankinn gerir viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli ómálefna legra sjónarmiða. Íslandsbanki setur sér verklagsreglur í innkaupum og gætir að ákvæðum laga og reglna sé fylgt í hvívetna. Stefna bankans um ábyrg innkaup gildir um öll innkaup bankans.

3.4. Styrkir

Íslandsbanki styður góð málefni í nærumhverfi sínu og á alþjóðavísu, ýmist með beinum styrkjum eða í gegnum samstarf. Leitast er við að styðja sérstaklega við málefni sem hafa skýra tengingu við þau heimsmarkmið SP sem bankinn hefur valið að styðja. Við styrkveitingar gætir bankinn að jafnræði og gagnsæi og gerir ráðstafanir til koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.